


Kynning á fundi Umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 20. október 2021
SJÁLFVIRK VEÐURSTÖÐ Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM
NÝR MÆLIREITUR OG NET VEÐURSTÖÐVA Í REYKJAVÍK OG NÁGRENNI
Óðinn Þórarinnsson og Ágúst Þór Gunnlaugsson

Borgarnet

Veðurstöðvakerfi Veðurstofu Íslands í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu



▲ Eldra stöðvakerfi Ví

▲ Nýjar veðurstöðvar

▲ Sandskeið

▲ Vegagerðarstöðvar

Sjálfvirk veðurstöð í Hljómskálagarðinum

Fyrirhuguð staðsetning. ○

Flöt í suðvesturhorni garðsins, nærri þeim stað sem skúr garðyrkjunnar stendur þykir ákjósanlegur staður fyrir veðurstöð.

Staðsetningin er fjarri miðju garðsins og þeim stöðum þar sem mannsöfnuður er jafnan á „stórum“ viðburðum.

Staðsetningin uppfyllir að vísu ekki ýtrustu kröfur sem gerðar eru til mælinga á nokkrum helstu veðurþáttum, en á móti kemur að mælingar munu gefa góða mynd af veðrinu í miðborginni.



Sjálfvirk veðurstöð Hljómskálagarðinum

Fyrirhuguð staðsetning.

Svæðið er gróið og uppyllir ágætlega kröfur sem gerar eru til lofthita- og loftrakamælinga, þó vissulega hafi bæði Hringbrautin og Tjörnin þau áhrif að staðsetningin uppfyllir ekki ýtrustu kröfur WMO. Hvað úrkomu- og vindmælingar varðar þá þykir svæðið helst til þröngt og viðbúið að tré eigi eftir að hækka, á móti kemur að svæðið verður ólíkleg tekið til annarra nota í bráð og breytt skipulag í næsta nágrenni ætti ekki að hafa mikil áhrif.

Í undirbúningsvinnu að fjölgun veðurstöðva í Reykjavík var strax lögð áhersla á að ein veðurstöðvanna yrði staðsett í miðborginni. Var þá rætt hvort endurreisa ætti veðurstöð sem áður var á þaki Oddfellowhússins í Kvosinni. Frá því var horfið, enda þykja veðurmælingar í Hljómskálagarðinum gefa góða mynd af veðrinu á einu fjölsóttasta útivistarsvæði í miðborginni.









Sjálfvirk veðurstöð í Hljómskálagarðinum

Mælibúnaður

Vindhraðamæli verður komið fyrir á óstagaðri 10m hárrí fánastöng, líkri þeirri sem er hér á mynd og staðsett er á Nesvelli á Seltjarnarnesi (Suðurnesi). Úrkomumæli líkum þeim sem er hér á mynd og staðsettur er við Krossanesbraut á Akureyri verður komið fyrir á 1m hárrí undirstöðu.



Sjálfvirk veðurstöð í Víðidal



Nýr Mælireitur – Háahlið eða Teigur!




Nýr mæltreitur – Háahlíð

Formlegt samanburðartímabil mælinga í „gamla“ og „nýja“ mæltreit hófst 1. okt. 2021 og munu standa til 31. maí 2023. Óformlegar mælingar hófust 1. júní 2021 og munu þær að öllum líkindum standa yfir svo lengi sem gamli mæltreitur og helgunarsvæði hans helst óraskað.



Samanburður á veðurmælingum í „gamla“ (R) og „nýja“ (T) mælireit

Fyrstu niðurstöður, júní til september 2021. **Vindhraði**





Umhverfis- og heilbrigðisráð

Reykjavík 11. jan 2022

Mál nr. US210262

Tillaga Veðurstofu Íslands um að koma fyrir veðurstöð í Hljómskálagarðinum.

Vísað er í erindi Veðurstofu Íslands um að koma fyrir veðurstöð í Hljómskálagarðinum sem kynnt var á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs 20.10. 2021.

Veðurstöðin bætir þjónustu við borgarbúa og er gagnleg til upplýsinga vegna ræktunar þar sem hægt verður að fylgjast með og sækja upplýsingar um veðrið í Hljómskálagarðinn á heimasíðu Veðurstofunnar.

Lagt er til að samþykkja erindi Veðurstofunnar en bent er á að sækja þarf um byggingaleyfi til byggingarfulltrúa.

Þórólfur Jónsson
deildarstjóri náttúru og garða